

STARFSLEYFI

Meðhöndlun úrgangs

Efnarás ehf.

Starfsstöð: Gufunesi, 112 Reykjavík
Lögheimili: Klettagarðar 7, 104 Reykjavík
Kt.: 530315-0290

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Efnarás ehf., kt. 530315–0290, fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs í Gufunesi, 112 Reykjavík.

Efnarás ehf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Heimilt er að taka á móti að hámarki 5.200 tonnum af spilliefnum á ári til undirbúnings fyrir endurnýtingu, t.d. flokkunar, pökkunar, annars frágangs og geymslu. Innifalin eru m.a. smitandi úrgangur, raf- og raftækjaúrgangur og sýrur sem heimilt er að hlutleysa (saltsýra, saltpéturssýra, brennisteinssýra, fosfórsýra, ediksýra og maurusýra).

Magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skal almennt haldið í lágmarki og skal það að hámarki vera 300 tonn hverju sinni.

Rekstraraðila er óheimilt að stunda endurnýtingu úrgangs eða förgun hans á grundvelli starfsleyfisins.

Móttaka geislavirks úrgangs er bönnuð sem og móttaka aukafurða dýra samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009 sem innleidd var með a lið í 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð og mati á gögnum sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á grundvelli eftirlitsáætlana sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018, þar með talið viðmiðum um möguleg og raunveruleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, skrá yfir hvernig starfsleyfisskilyrðum er fylgt og þátttöku í vottuðu umhverfisstjórnarkerfi.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. greinar reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur útgefandi hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 18. greinar reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megji út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um að reksturinn hafi verið hafinn á nýjan leik ef hann hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. grein laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. grein reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum laga nr. 55/2003 til að knýja fram úrbætur. Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 2. mgr. 66. gr. laganna. Einnig er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. mgr. 66. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir, sinni hann ekki fyrirmælum eftirlitsaðila. Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 5. mgr. 66. gr. laganna að stöðva starfsemi rekstraraðila til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu að ræða, og svipta hann starfsleyfi sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarleg tilvik sbr. 6. mgr. 66. gr. laganna.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 .

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. greinum 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Í því felast aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum og að nýta orku vel. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim, skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

Rekstraraðili skal stuðla að endurnýtingu úrgangs eins og kostur er, s.s. með því að koma úrgangi sem berst til endurnýtingar ef slík ráðstöfunarleið er fyrir hendi. Jafnframt skal rekstraraðili lágmarka útflutning spilliefna eins og kostur er með því að koma slíkum efnum til endurnýtingar eða förgunar innanlands.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætla. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan fulltrúa utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Starfsemin skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem þekkingu hefur á öllum búnaði starfstöðvarinnar og ákvæðum þessa starfsleyfis. Starfsmaðurinn skal jafnframt kunna skil á þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum skulu ávallt tiltæk í starfstöðinni.

Tryggja skal að starfsmenn fái fullnægjandi þjálfun áður en þeir hefja störf, í samræmi við verklýsingu (gr. 2.4) og að þeir hafi fullnægjandi þekkingu á hættulegum eiginleikum þeirra efna sem þeir gætu komist í tæri við. Upplýsingar þar að lútandi skulu ávallt vera tiltækar í starfstöðinni.

Rekstrarsvæðið skal afgirt með a.m.k. tveggja metra hárrí, mannheldri öryggisgirðingu. Hlið skulu lokuð og læst nema þegar starfsemi fer fram. Við rekstrarsvæðið skulu vera skilti sem vara óviðkomandi við hættu

og upplýsa um að aðgangur sé bannaður. Sá hluti rekstrarsvæðisins þar sem spilliefni eru geymd utandyra skal vaktaður allan sólarhringinn með öryggismyndavélum. Gott eftirlit og viðhald skal vera með girðingu.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.4 Verklýsingar

Rekstraraðili skal útbúa verklýsingar um eftirfarandi þætti starfseminnar:

- Meðhöndlun allra tegunda spilliefna sem berast, s.s. um móttöku þeirra, vinnsluaðferðir og geymslu.
- Reglubundið eftirlit með mengunarvarnabúnaði.
- Viðbrögð við óhöppum.
- Þjálfun starfsmanna.

Verklýsingarnar skulu kynntar starfsmönnum, vera ávallt tiltækar í starfsstöð og aðgengilegar eftirlitsaðila.

2.5 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 344/2013, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

2.6 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda frá starfseminni og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.7 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja verklýsingu, sbr. gr. 2.4 og/eða viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.6. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.8 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal heilbrigðisnefnd á svæðinu upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

2.9 Neyðartilvik – yfirvofandi hætta

Í neyðartilvikum hefur rekstraraðili heimild til að grípa til viðeigandi ráðstafana til að afstýra hættu, enda þótt þær ráðstafanir séu ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfis þessa, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Eftirlitsaðila skal tafarlaust tilkynnt um slíkar ráðstafanir.

2.10 Tryggingar

Rekstraraðili skal jafnframt taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

2.11 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megri aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3. VARNIR GEGN MENGUN YRTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu.

Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir, hafi hún verið skilgreind, og skal nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við ákvæði reglugerða og skal það gert ef við á samkvæmt ákvæðum í gr. 1.6.

3.2 Móttaka og skráning úrgangs

Skrá skal upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Skrá skal magn, tegundir, uppruna, dagsetningu móttöku, vinnsluáðferðir og ráðstöfun. Allar færslur er varða spilliefni skulu varðveittar í a.m.k. 5 ár og vera aðgengilegar eftirlitsaðila, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 806/1999.

Sérstaklega skal skrá magn raf- og rafeindatækjaúrgangs og íhluta hans, í samræmi við flokkun í viðauka IA við reglugerð nr. 442/2015 um raf- og rafeindatækjaúrgang, og það hvernig honum er ráðstafað. Halda skal skrá yfir magn og tegundir spilliefna í þessum úrgangi og ráðstöfun þeirra. Skrárnar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku spilliefna.

3.3 Meðhöndlun spilliefna

Spilliefni skal einungis meðhöndla innandyra. Þó er heimilt að geyma spilliefni utandyra í lokuðum, sérútbúnum ílátum, s.s. í spilliefnakörum, spilliefnagámum eða sambærilegum ílátum.

Spilliefni skulu geymd og meðhöndluð þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Þau skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau berist ekki í frárennsli eða geti á annan hátt valdið skaða. Þess skal gætt að úrkomuvatn komist ekki að spilliefnum.

Einstökum tegundum spilliefna skal halda aðgreindum og skulu spilliefni geymd í ílátum sem henta hverju efni.

Smitandi úrgangur skal meðhöndlaður á viðunandi hátt, sbr. 14. og 15. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og skal þess sérstaklega gætt að hann blandist ekki öðrum úrgangi og valdi ekki smiti. Einkum skal gæta ýtrustu verkárni og nákvæmni við meðhöndlun á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum. Slíkur úrgangur sem berst skal þegar hafa verið flokkaður á upprunastað, honum pakkað þar og hann sérstaklega merktur, sbr. viðauka við reglugerð nr. 737/2003. Úrganginn skal geyma í loftræstu og læstu rými þar til hann er fluttur til förgunar. Jafnframt skal geyma líkamshluta og vefi í kæli eða frysti, sbr. viðauka við reglugerð nr. 737/2003. Tryggja skal að úrganginum verði fargað á viðurkenndan hátt.

Sprengifim efni, skotfæri og neyðarblys er einungis heimilt að geyma í sérstökum sprengiefnakössum eða – gámum sem viðurkenndir eru til geymslu slíkra efna. Þeir skulu tryggilega læstir. Við geymslu sprengifimra efna skal gæta þess að reglum um aðskilnað slíkra efna sé framfylgt. Einungis má geyma þau efni saman sem eru í sama aðskilnaðarflokki, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 510/2018 um sprengiefni og forefni til sprengiefnagerðar.

Raf- og rafeindatækjaúrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 442/2015. Til staðar skulu vera vogir til að vigta meðhöndlaðan úrgang, heppileg geymsla fyrir varahluti úr búnaði sem tekinn hefur verið í sundur og heppileg ílát til að geyma í rafhlöður, þetta sem innihalda PCB eða PCT og annan hættulegan úrgang.

Spilliefni skulu send til endurnýtingar eða förgunar við fyrsta hentuga tækifæri.

3.4 Frágangur íláta

Öll ílát sem notuð eru við geymslu á spilliefnum skulu vera traust, lekaheld og merkt á viðeigandi hátt, a.m.k. skulu koma fram tegundir spilliefna, hættulegir eiginleikar og magn þeirra, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 806/1999. Að því leyti sem við á skal frágangur íláta vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Óheimilt er að geyma rokgjörn spilliefni í opnum ílátum. Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka útstreymi rokgjarnra spilliefna eins og mögulegt er og skal miða við að dreifð losun fari ekki yfir 5% af meðhöndluðu magni.

Við geymslu spilliefna skulu ílát staðsett og varin þannig að þau séu stöðug og verði ekki fyrir hnjaski, t.d. frá ökutækjum. Hafa skal reglulegt eftirlit með öllum ílátum.

Um ílát undir sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum fer samkvæmt viðauka við reglugerð nr. 737/2003.

3.5 Frárennsli

Öll meðhöndlun spilliefna skal fara fram á bundnu yfirborði þar sem frárennsli er leitt í lokaða söfnunarpró svo hægt sé að endurheimta þá vökva sem kunna að fara niður. Söfnunarþrænar skal vakta og viðhalda skv. verklýsingu (gr. 2.4) og tæma eftir þörfum. Ávallt skal vera laust rými í hvorri þró sem nemur 2 m³. Halda skal skrá yfir eftirlit, viðhald og tæmingar, m.a. skal skrá vökvamagn fyrir tæmingu. Ef tryggt er að spilliefni hafi ekki borist í söfnunarpró frá síðustu tæmingu er heimilt að leiða innihald hennar ómeðhöndlað í fráveitukerfi. Ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í þróna skal greina styrk mögulegra mengunarefna í innihaldi hennar áður en hún er tæmd. Ef ekki er ljóst hvaða spilliefni hafa mögulega borist í þróna skal greina alla mælipætti í samræmi við mælingaáætlun í gr. 4.2. Frárennslisvatn sem ekki stenst losunarmörk

Í gr. 4.3, eða sem inniheldur önnur spilliefni en þar greinir, er óheimilt að leiða ómeðhöndlað í fráveitukerfi, heldur skal því fargað í samráði við eftirlitsaðila.

Plön þar sem spilliefni eru geymd skulu lögð bundnu yfirborðslagi, t.d. malbiki og skal frárennsli frá þeim leitt í sand- og olíuskilju áður en það er losað í fráveitukerfi. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi stærð, frágang, eftirlit og viðhald. Halda skal skrá yfir eftirlit og viðhald. Við úttak olíuskilju skal vera búnaður svo hægt sé að loka fyrir frárennslið ef óhapp verður og spilliefni fara í niðurföll. Aðstaða skal vera til að taka sýni af frárennslisvatni þar sem það kemur úr olíuskilju. Reynist frárennslisvatnið ekki uppfylla skilyrði sem koma fram í gr. 4.3 skal hreinsa það frekar áður en það er leitt í fráveitukerfi eða draga úr losun með öðrum hætti, t.d. með breyttum starfsháttum.

3.6 Andrúmsloft

Þar sem fram fer meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs sem inniheldur ósoneyðandi lofttegundir skal vera afsogsbúnaður sem safnar öllu lofti úr viðkomandi rými. Loft sem safnað er skal leiða í gegnum fullnægjandi síubúnað til að hindra losun ósoneyðandi lofttegunda.

3.7 Hreinsibúnaður

Viðeigandi búnaður og efni til hreinsunar spilliefna sem kunna að fara niður, t.d. ídræg efni til hreinsunar á vökvum, skulu vera til reiðu í starfsstöðinni.

3.8 Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka hávaða frá starfseminni og skal uppfylla mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

1. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 3.2.
2. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.7.
3. Rekstur mengunarvarnabúnaðar, sbr. gr. 3.1, 3.4, 3.5 og 3.6.
4. Niðurstöður vöktunarmælinga, sbr. gr. 4.2.
5. Þjálfun starfsfólks, sbr. gr. 2.3
6. Æfingar á viðbrögðum við mengunaróhöppum, sbr. gr. 2.7.

4.2 Vöktunarmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni og yfirborðsvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá fyrirtækinu kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga. Upplýsingar um framkvæmd sýnatöku og mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Rekstraraðili skal vakta frárennslisvatn samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaður	Mælipættir	Tíðni
Samsetning frárennslisvatns	Innihald söfnunarþróa	Hitastig, leiðni, pH, heildarmagn svifagna, heildarmagn uppleystra efna (TDS), flúoríð (F ⁻), sýaníð (CN ⁻), olía, BTEX, lífræn halógen-sambönd (AOX), járn (Fe), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni), mólýbden (Mo), antimón (Sb), tin (Sn)	Fyrir hverja tæmingu (ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í þróna)
Magn og samsetning frárennslisvatns	Úttak olíuskilju	Rennsli, hitastig, leiðni, pH, heildarmagn svifagna, heildarmagn uppleystra efna (TDS), flúoríð (F ⁻), sýaníð (CN ⁻), olía, BTEX, lífræn halógensambönd (AOX), járn (Fe), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni), mólýbden (Mo), antimón (Sb), tin (Sn)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.

4.3 Losunar- og umhverfismörk

Mörk sem frárennslisvatn þarf að uppfylla fyrir losun í fráveitukerfi:

Mælipáttur	Styrkur (mg/l)
pH	2,0–11,0
Olía	15
Blý	0,2
Kvikasilfur	0,03
Kadmíum	0,1
Króm	0,5
Kopar	0,5
Sink	1,5
Arsen	0,15
Nikkell	0,5

4.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 3.2, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar upplýsingar.

4.5 Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald og skila árlega til útgefanda starfsleyfis.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 3. eftirlitsflokk í gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar. Starfsemin er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka I, starfsemi A, lið 5.1 d). Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í I. viðauka, lið 5.1 d).

Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarnaeftirlit, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 31.12.2030.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Starfsleyfinu fylgir greinargerð sbr. fylgiskjal.

Reykjavík, 6. desember 2018

Umhverfisstofnun

Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Hildur Vésteinsdóttir
sviðsstjóri

VIÐAUKI 1

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi greinum starfsleyfisins eru ákveðin skiladagar tilgreindir:

- Grein 4.4: Senda skal eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert.
- Grein 4.4: Senda skal Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 3.1, fyrir 1. maí ár hvert.
- Grein 4.5: Árlega skal skila grænu bókhaldi til útgefanda starfsleyfis.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins gildir meginþextinn.

Viðauki 2

Um ákvörðun losunarmarka.

Losunarmörk fyrir blý, nikkel, kopar, króm og arsen eru ákveðin með hliðsjón af skýrslu framkvæmdastjórnar EB um bestu aðgengilegu tækni við mengunarvarnir við meðhöndlun úrgangs (Waste Treatment Industries, BAT Reference Document, August 2006) og reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs. Önnur losunarmörk eru ákveðin með hliðsjón af framangreindri skýrslu framkvæmdastjórnar EB um bestu aðgengilegu tækni við mengunarvarnir við meðhöndlun úrgangs.

FYLGISKJAL

Greinargerð vegna vinnslu og auglýsingar starfsleyfistillögu fyrir Efnarás ehf. Gufunesi og útgáfu starfsleyfis í framhaldi af auglýsingu.

Almennt

Þann 30. nóvember 2017 barst Umhverfisstofnun starfsleyfisumsókn frá Efnarás ehf. til reksturs á spilliefnamóttöku í Gufunesi í Reykjavík. Fyrirtækið hafði áður starfsleyfi fyrir rekstri á spilliefnamóttöku að Klettagörðum 9 í Reykjavík.

Umrædd framkvæmd var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 11. apríl 2018 sem úrskurðaði þann 21. júní 2018 að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Þann 7. febrúar 2018 sendi Umhverfisstofnun tölvupóst á skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar þar sem óskað var staðfestingu á því að umrædd starfsemi samræmdist gildandi skipulagi svæðisins. Þann 11. júní sendi skipulagsfulltrúi svar þar sem fram kom að ekki væri hægt, skipulagslega, að leggjast gegn því að umrædd starfsemi yrði á svæðinu en lagt var til að starfsleyfið yrði aðeins gefið út til að hámarki tveggja ára í senn.

Þann 11. júlí 2018 var heilbrigðisnefnd Reykjavíkur boðið að koma að gerð starfsleyfisins.

Þann 20. september var starfsleyfistillagan ásamt umsóknargögnum og niðurstöðu matskylduákvörðunar Skipulagsstofnunar auglýst opinberlega á vefsíðum Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og skipulagsfulltrúa Reykjavíkur var send tilkynning um auglýsinguna.

Afstaða Umhverfisstofnunar til matskyldufyrirspurnar vegna framkvæmdarinnar

Eins og áður segir var umrædd framkvæmd tilkynnt til Skipulagsstofnunar sem úrskurðaði að framkvæmdin skyldi ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum flutningur Efnarásar ehf. í Gufunes skyldi háður mati á umhverfisáhrifum kom fram að húsnæðið sem áætlað var að flytja inn í væri hannað sem spilliefnageymsla og þar hafi áður verið fyrirtæki með starfsleyfi fyrir spilliefnamóttöku og séu því nú þegar til staðar fullnægjandi mengunarvarnir í húsnæðinu. Einnig segir: „Eins og fram kemur í matskyldufyrirspurn frá fyrirtækinu stafar helsta mengunarhættan af því að leki kemur að umbúðum eða ílátum er innihalda spilliefni. Því leggur Umhverfisstofnun áherslu á að notast verði við viðurkenndar spilliefnaumbúðir fyrir geymslu á spilliefnum, einnig þau spilliefni er geymd verða í gámum á athafnasvæðinu. Meðhöndlun spilliefna þarf að fara fram innandyra þar sem frárennsli fer í söfnunarþró.“

Athugasemdir sem bærust á auglýsingatíma vegna starfsleyfistillögu og viðbrögð Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun barst ein umsögn um starfsleyfistillöguna á auglýsingatíma frá skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar. Eins og áður sagði leitaði Umhverfisstofnun álits skipulagsfulltrúa á því hvort umrædd framkvæmt samræmdist gildandi skipulagi svæðisins. Var það niðurstaða skipulagsfulltrúa að framkvæmdin samræmdist skipulagi en hugmyndir séu um breytingar á skipulaginu.

Umhverfisstofnun bendir á að í 6. málsgrein 6. greinar reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit segir: „Nýr atvinnurekstur skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag.“ Einnig segir í 6. málsgrein: „Deiliskipulag þarf auk þess ekki að vera til staðar vegna atvinnustarfsemi, sbr. viðauka Síða 11 af 12

I, sé um að ræða nýjan atvinnurekstur á stað þar sem áður var sambærilegur atvinnurekstur með starfsleyfi. Starfsemin skal þá samrýmast aðalskipulagi varðandi landnotkun og byggðaþróun og vera í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Útgefandi starfsleyfis skal leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.“

Umhverfisstofnun gefur starfsleyfið út á grundvelli aðalskipulags þar sem deiliskipulag er ekki til staðar. Stofnunin leitaði umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs sveitarfélagsins sem sagði að starfsemin rúmaðist innan gildandi aðalskipulags. Hins vegar væru hugmyndir um að breyta skipulaginu í áföngum. Það hefur hins vegar ekki verið gert enn sem komið er fyrir svæðið sem um ræðir.

Í auglýstri starfsleyfistillögu var gert ráð fyrir að starfsleyfið myndi gilda í 16 ár eins og hefðbundið er. Eftir athugasemd sveitarfélagsins telur stofnunin rétt að miða gildistíma starfsleyfisins við gildistíma aðalskipulags sveitarfélagsins eða til loka ársins 2030.

Benda má á að í gr. 1.1 í starfsleyfinu kemur fram að rekstraraðila beri að uppfylla gildandi lög og reglur og haga starfsemi sinni í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Gildistaka

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fyrir Efnarás ehf. til reksturs spilliefnamóttöku.

Starfsleyfið byggir á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2030.